

14. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 23. mars 2019 í Huppusal í Félagsheimilinu á Flúðum og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Elsa Ingjaldsdóttir mætti ekki. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Ársreikningur Hitaveitu Flúða 2019.

Fyrir liggur ársreikningur Hitaveitu Flúða fyrir árið 2019. Jón fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur ársins eru kr. 71.516.565. Rekstrargjöld ársins eru kr. 55.350.529. Afskriftir eru kr. 9.663.521. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru samtals neikvæð um kr. 1.406.091. Hagnaður ársins eftir skatta er kr. 3.180.169. Fjárfesting ársins var rúmar 15 millj. Á rekstarárinu var gengið frá eignarhaldi Hitaveitunnar að virkjunarhúsinu á Kópavatni en þar sem um er að ræða leigusamning til 29 ára hefur eignarhaldið ekki áhrif á ársreikning Hitaveitunnar. Eftir yfirferð, umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

2. Ársreikningur Hrunaljóss 2019.

Fyrir liggur ársreikningur Hrunaljóss fyrir árið 2019. Jón fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur ársins eru kr. 4.256.557. Rekstrargjöld ársins eru kr. 985.995. Afskriftir eru kr. 3.146.843. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru samtals neikvæð um kr. 4.813.002. Tap ársins er kr. 4.689.283. Fjárfesting ársins voru nettó rúmar 16,3 millj. Eftir yfirferð, umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

3. Loco ehf.

Jón fór yfir dómsmál sem Loco ehf hefur höfðað á hendur Hitaveitu Flúða um að veitan leggi þrjár heimtaugar að þremur sumarhúsum í Galtaflöt. Veitustjórn felur veitustjóra og sveitarstjóra að ræða við lögmann veitunnar um framhaldið og frekari ákvörðunartöku stjórnar.

4. Covit 19 veiran.

Hannibal og Jón fóru yfir stöðuna gagnvart Covit 19. Fram kom að búið er að gera ráðstafanir með aðgreiningu starfa þannig að hægt verði að sinna forföllum.

5. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi.

Ásæl vegna styrktarbeiðni, Umhverfisstofnun vegna friðlýsingar, kostnaðarmat vegna hitaveituf framkvæmda og kostnaðarmat vegna vatnsveituf framkvæmda

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17:10.

Næsti fundur fyrirhugaður 27. apríl n.k.

Aðalsteinn Þorgeirsson
Bjarney Vignisdóttir
Bogi Pétur Eiríksson
Hannibal Kjartansson
Jón G. Valgeirsson